

Fimmtudaginn 13. apríl 1989.

Nr. 98/1989. **Mjólkursamsalan**  
 gegn  
**Sverri Þórissyni.**

Kærumál. Frávísun frá héraðsdómi.

### **Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson og Bjarni K. Bjarnason og Arnljótur Björnsson, settur hæstaréttardómari.

Sóknaraðili hefur samkvæmt heimild í b-lið 1. tl. 1. mgr. 21. gr. laga nr. 75/1973, um Hæstarétt, skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru, dagsettri 13. f.m.

Sóknaraðili krefst þess í greinargerð, dagsettri 11. þ.m., að hinn kærði frávísunardómur varðandi dráttarvaxtakröfu, að fjárhæð 723,00 krónur, verði felldur úr gildi og lagt verði fyrir héraðsdómarann að leggja einnig efnisdóm á þennan þátt málsins. Þá krefst hann kærumálskostnaðar úr hendi stefnda.

Frá varnaraðila hafa hvorki borist greinargerð né kröfur.

Sóknaraðili bendir á, að dráttarvaxtareikningar þeir, sem um er fjallað í frávísunardómnum, séu þannig til komnir, að varnaraðili hafi ekki greitt átta tilgreinda reikninga fyrir vöruúttekt á réttum gjaldkögum. Varnaraðili hafi síðan greitt reikninga þessa án þess að standa skil á á föllnum dráttarvöxtum. Hér sé því um sjálfstæða dráttarvaxtaskuld að ræða, sjálfstæða reikninga, sem hafi verið sameinaðir öðrum reikningum, þegar sóknaraðili hafi neyðst til að leita aðstoðar dómstóla vegna allra hinna ógreiddu reikninga, sbr. 1. mgr. 70. gr. laga nr. 85/1936, um meðferð einkamála í héraði. Er því haldið fram, að slíkir dráttarvaxtareikningar séu mjög algengir hjá sóknaraðila og hafi bæjarþing Reykjavíkur ekki gert athugasemdir við slíka reikninga í a.m.k. fimm og hálf ár. Þá er á það lögð áhersla, að varnaraðili hafi fengið alla hina umstefndu reikninga senda. Ekki hafi komið fram nein mótmæli af hálfu varnaraðila gegn dráttarvaxtareikningunum og hann hafi ekki hirt um að halda uppi vörnum í málinu. Þá vísar sóknaraðili til dóms Hæstaréttar 1987/513. Samkvæmt þessu telur sóknaraðili, að fella beri hinn kærða frávísunardóm úr gildi.

Héraðsdómari hefur samkvæmt heimild í 27. gr. laga nr. 75/1973 gert þá athugasemd, að hann mótmæli algerlega þeirri staðhæfingu sóknaraðila, „að bæjarþing Reykjavíkur hafi ekki gert athugasemdir við sambærilega dráttarvaxtareikninga Mjólkursamsölnunnar í a.m.k. fimm og hálf t. á. Hins vegar ber að geta þess, að dómafrankvæmd hefur ekki verið samræmd í héraði á sviði vaxta, og er því þarft að fá úrlausn Hæstaréttar um ýmis efni þar um“.

Héraðsdómari telur vandkvæði á að leggja dóm á dráttarvaxtakröfuna eftir þeim gögnum, er fyrir liggja. Eigi þykir rétt, eins og á stendur, að haggja þeirri niðurstöðu hans.

Kærumálskostnaður fellur niður.

### D ó m s o r ð:

Hinn kærði dómur á að vera óraskaður.

### Dómur bæjarþings Reykjavíkur 28. febrúar 1989.

Mál þetta, sem dómtekið var 21. febrúar 1989, er höfðað fyrir bæjarþinginu með áskorunarstefnu, birtri 3. febrúar 1989, af Mjólkursamsölnunni, kt. 470269-3679, Bitruhálsi 1, Reykjavík, á hendur Sverri Þórisssyni, kt. 171262-4459, Merkur götu 12, Hafnarfirði, fyrir hönd einkafyrirtækis hans, Söluturnsins, Hellisgötu 18, Hafnarfirði, til greiðslu skuldar, að fjárhæð kr. 68.993,00 með 44,4% ársvöxtum af kr. 728,00 frá 1. júní 1988 til 1. júlí 1988, með 52,8% ársvöxtum af kr. 57.566,00 frá 1. júlí 1988 til 1. ágúst 1988, með 56,4% ársvöxtum af kr. 68.993,00 frá 1. ágúst 1988 til 1. september 1988, með 49,2% ársvöxtum af kr. 68.993,00 frá 1. september 1988 til 1. október 1988, með 33,6% ársvöxtum af kr. 68.993,00 frá 1. október 1988 til 1. nóvember 1988, með 27,6% ársvöxtum af kr. 68.993,00 frá 1. nóvember 1988 til 1. desember 1988, með 24% ársvöxtum af kr. 68.993,00 frá 1. desember 1988 til stefnubirtingardags, en með dráttarvöxtum skv. 10. gr. laga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags. Þess er jafnframt krafist að dráttarvextir verði lagðir við höfuðstól hvers reiknings fyrir sig 12 mánuðum frá gjalddaga hvers reiknings, allt í samræmi við 12. gr. síðastnefndra laga.

Jafnframt er krafist greiðslu á eldri dráttarvaxtaskuldum, kr. 723,00.

Þá er krafist málskostnaðar skv. viðmiðunargjaldskrá LMFÍ auk sölu-skatts af málflytningaþóknun og beri málskostnaðarfjárhæðin dráttarvexti skv. III. kafla vaxtalaga, nr. 25/1987, frá 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags.

Mál þetta var upphaflega höfðað sem áskorunarmál og það þingfest á

reglulegu bæjarþingi þriðjudaginn 14. febrúar 1989. Var málið þá tekið til áritunar sama dag. Á reglulegu bæjarþingi þriðjudaginn 21. febrúar var málið endurupptekið og því vikið til venjulegrar meðferðar og dómtekið sama dag.

Stefnandi kveðst reka verslun hér í borg með framleiðsluvörur sínar sem séu ýmiss konar mjólkurvörur. Skuld þessi sé vegna úttekta stefnda á slíkum vörum hjá stefnanda tímabilið júní til ágúst 1988 sem hér segir:

Blandaður reikn. ds.	1. júní	1988	kr.	1.739,00
Mjólkurv. reikn. ds.	27. maí	1988	kr.	1.011,00
Mjólkurv. reikn. ds.	10. júní	1988	kr.	5.079,00
Mjólkurv. reikn. ds.	20. júní	1988	kr.	8.152,00
Mjólkurv. reikn. ds.	24. júní	1988	kr.	9.896,00
Mjólkurv. reikn. ds.	1. júlí	1988	kr.	7.472,00
Mjólkurv. reikn. ds.	1. júlí	1988	kr.	8.551,00
Blandaður reikn. ds.	1. júlí	1988	kr.	2.688,00
Mjólkurv. reikn. ds.	3. júní	1988	kr.	15.000,00
Mjólkurv. reikn. ds.	8. júlí	1988	kr.	2.604,00
Mjólkurv. reikn. ds.	15. júlí	1988	kr.	3.144,00
Mjólkurv. reikn. ds.	1. ágúst	1988	kr.	4.143,00
Blandaður reikn. ds.	1. ágúst	1988	kr.	1.536,00

Að auki kveðst stefnandi krefjast greiðslu á eldri dráttarvaxtaskuld sem hér segir:

Dráttarvaxtareikningur ds.	20. júní	1988	kr.	554,00
Dráttarvaxtareikningur ds.	1. júlí	1988	kr.	77,00
Dráttarvaxtareikningur ds.	1. ágúst	1988	kr.	92,00

Loks kveður stefnandi að innheimtutilraunir hafi engan árangur borið og sé því málsókn þessi óhjákvæmileg.

Stefndi hefur hvorki sótt né látið sækja þing og er honum þó löglega stefnt. Verður þá eftir 118. gr. laga nr. 85/1936 að dæma málið eftir fram lögðum skjölum og skilríkjum.

Af fram lögðum reikningi, dagsettum 20. júní 1988, er ljóst að krafist er dráttarvaxta, að fjárhæð kr. 554,00, af sex reikningum sem bera afgreiðslunúmerin: 8733243, 8735711, 8736471, 8738218, 8742063 og 8743823. Skv. reikningi, dagsettum 1. júlí 1988, er krafist dráttarvaxta, að fjárhæð 77,00 kr. af reikningi, sem ber afgreiðslunúmerið 8742629, og skv. reikningi, dagsettum 1. ágúst 1988, er krafist dráttarvaxta, að fjárhæð 92,00 kr., af reikningi, sem ber afgreiðslunúmerið 8742629.

Það er sammerkt með kröfugerð stefnanda varðandi eldri dráttarvaxta-skuldir (sic) að ekkert er getið um vaxtahæð dráttarvaxtakröfunnar, höfuð-

stól reikninga þeirra, sem hún er reiknuð af, né það tímabil, sem umræddur greiðsludráttur á að hafa staðið yfir.

Þar sem dráttarvextir eru vanefndaúrræði, sem heimilt er að beita í tilefni af greiðsludrætti peningakrafna, verður að telja að óhjákvæmilegt sé að tilgreina höfuðstól þeirrar kröfu, sem dráttarvaxta er krafist af, svo og það tímabil, sem greiðsludrátturinn stóð yfir, þegar gerð er krafa um dráttarvexti.

Þá hefur dráttarvaxtakrafa, eins og hér er gerð og ekki getur um vaxtahæð dráttarvaxtanna, einnig verið talin óheimil skv. venjubundinni skýringu á c-lið 88. gr. laga nr. 85/1936. Grundvallaðist sú skýring ekki síst á því að fyrir gildistöku laga nr. 25/1987 fór það eftir tegund kröfu hve háa dráttarvexti mátti taka af henni við vanskil. Við þær aðstæður var óhjákvæmilegt að telja kröfu vanreifaða þegar ekki var gerð grein fyrir vaxtahæð dráttarvaxtakröfunnar, sbr. t.d. Hrd. 1983, bls. 2200. Við setningu vaxtalaganna var þessu fyrirkomulagi ekki breytt að öðru leyti en því, að dæma mátti dráttarvexti frá þeim tíma, er mál teldist höfðað, til greiðsludags, enda þótt vaxtahæð væri ekki tilgreind í stefnu, sbr. 14. gr. laga nr. 25/1987. Með gagnályktun frá 14. gr. laga nr. 25/1987 verður að telja að í stefnu þurfi undantekningarlaust að geta vaxtahæðar dráttarvaxtakröfu frá upphafsdegi dráttarvaxtanna til þess tíma er mál telst höfðað.

Svo sem framangreind dráttarvaxtakrafa er úr garði gerð verður með framangreint í huga að telja hana svo vanreifaða að ekki verði lagður á hana dómur. Þykir því verða að vísa henni frá dómi.

Þar sem dómkröfur stefnanda eru að öðru leyti í samræmi við fram lögð skjöl og skilríki þykir með tilliti til 3. mgr. 108. gr. laga nr. 85/1936, sbr. 13. gr. laga nr. 54/1988, mega taka kröfur hans til greina að öllu leyti. Málskostnaður ákveðst 15.900,00 krónur, þar með talinn söluskattur. Dóminn kvað upp Páll Hreinsson, ftr. yfirborgardómara.

#### D ó m s o r ð:

Framangreindri dráttarvaxtakröfu stefnanda, að fjárhæð 723,00 krónur, er vísað frá dómi ex officio.

Stefndi, Söluturninn, Hellisgötu 18, Hafnarfirði, greiði stefnanda, Mjólkursamsölunni, kr. 68.993,00 með 44,4% ársvöxtum af kr. 728,00 frá 1. júní 1988 til 1. júlí 1988, með 52,8% ársvöxtum af kr. 57.566,00 frá 1. júlí 1988 til 1. ágúst 1988, með 56,4% ársvöxtum af kr. 68.993,00 frá 1. ágúst 1988 til 1. september 1988, með 49,2% ársvöxtum af kr. 68.993,00 frá 1. september 1988 til 1. október 1988, með 33,6% ársvöxtum af kr. 68.993,00 frá 1. október 1988 til 1. nóvember 1988, með 27,6% ársvöxtum af kr. 68.993,00 frá 1. nóvember 1988 til 1. desember 1988, með 24% ársvöxtum af kr. 68.993,00 frá 1.

desember 1988 til stefnubirtingardags, en með dráttarvöxtum skv. 10. gr. laga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags og kr. 15.900,00 í málskostnað, þar með talinn söluskattur. Þá ber stefnda að greiða stefnanda dráttarvexti af málskostnaði 15 dögum eftir dómsuppsögu til greiðsludags.

Þá leggist á fallnir dráttarvextir við höfuðstól hvers reiknings fyrir sig 12 mánuðum eftir gjalddaga hvers reiknings.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá birtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

---